

# 1 Umhverfis- og auðlindamál

2 Stærstu áskoranir samtímans eru á sviði umhverfismála. Ísland á að vera í fremstu röð í  
3 baráttunni gegn loftslagsbreytingum og því neyðarástandi sem vofir yfir heimsbyggðinni. Við  
4 verðum að taka stór skref strax og koma á hvötum þannig að þau borga sem menga. Sjálfbær  
5 og ábyrg umgengni við náttúruauðlindir, þar sem náttúruvernd helst í hendur við nýtingu, er  
6 lykillinn að grænni framtíð. Öll mál eru umhverfismál.

- 7 • **Loftslagsáherslur í forgrunni allrar ákvarðanatöku**
- 8 • **Skilvirkt og sjálfbært hringrásarhagkerfi**
- 9 • **Sjálfbær nýting náttúruauðlinda**
- 10 • **Uppbygging vindorku**
- 11 • **Vernd og endurheimt vistkerfa**
- 12 • **Náttúruvernd í öndvegi**

13 *Landsþing 11. febrúar 2023*

## 14 **Loftslagsáherslur í forgrunni allrar ákvarðanatöku**

15 Loftslagsvá af mannavöldum og hnignun vistkerfa hafa skapað raunverulegt neyðarástand. Það  
16 þarf að beita öllum tiltækum ráðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og koma í veg  
17 fyrir að meðalhitastig jarðar hækki um meira en 1,5°C fyrir árið 2100, eins og kveðið er á um í  
18 Parísarsáttmálanum frá 2015.

19 Við eigum að uppfylla allar alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum og setja okkur  
20 metnaðarfullri mælanleg markmið. Stjórnvöld leggi árlega fram aðgerðaáætlun og uppfærð  
21 loftslagsmarkmið sem byggja á samþykktri loftslagsstefnu og alþjóðlegum skuldbindingum. Þar  
22 skulu sett fram tölu- og tímasett markmið. Aðgerðaáætlun skuli sett fram til næstu fimm ára hið  
23 skemmsta og skal ráðherra málaflokksins leggja hana fyrir Alþingi í formi tillögu til  
24 þingsályktunar fyrir 1. nóvember ár hvert. Loftslagsráð verði eftt, hlutverk þess skýrt og því falið  
25 að leggja hlutlægt mat á aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

26 Tengja þarf loftslagsmálin þvert á fagráðuneyti svo þau endurspeglit í ákvörðunum í öllum  
27 málaflökkum. Áhersla verði lögð á að laga stjórnáætlun að mikilvægi málaflokksins með því að  
28 meta loftslagsáhrif frumvarpa og samþætta og bæta samráð stjórnáætlun í loftslagsmálum með  
29 auknu samstarfi innanlands jafnt sem erlendis. Þá þarf að auka framboð af loftslagsvænni

30 matvælum innan opinberra stofnana enda hið opinbera vel til þess fallið að vera neytendum  
31 fyrirmynd í umhverfisvænni neyslu.

32 Stuðlað verði að hröðum orkuskiptum á öllum sviðum. Öflugasta og skilvirkasta verkfæri  
33 stjórnvalda til þess eru hagrænir hvatar á borð við kolefnisgjald sem leggist á alla losun, ásamt  
34 grænum áherslum í skipulagsmálum. Viðreisn leggur áherslu á tekjuhlutleysi í stað aukinnar  
35 skattheimtu þannig að kolefnisgjöldum verði mætt með samsvarandi lækkun á öðrum sköttum  
36 og gjöldum. Þannig verði hægt að ná mikilvægri sátt um loftslagsaðgerðir og tryggja að þeir  
37 borgi sem mengi.

38 Til að orkuskipti geti orðið að veruleika þarf að tryggja nægt framboð endurnýjanlegrar orku og  
39 öfluga innviði. Samhliða orkuskiptum er nauðsynlegt að auka fjölbreytni í samgöngum og nýta  
40 hagræna hvata til að styðja við virka ferðamáta og almenningssamgöngur. Viðreisn leggur  
41 áherslu á að hagnýta hugvit og kraft einkaaðila til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

42 Viðreisn vill að Ísland verði kolefnishlutlaust og laust við jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2040. Því  
43 ætti að banna leit og vinnslu jarðefnaeldsneytis í íslenskri lögsögu. Nýskráningu á bensín- og  
44 díselbílum verði hætt árið 2025, nema með sérstakri undanþágu til ársins 2030. Þá verði  
45 áhersla lögð á að draga úr umhverfisáhrifum byggingariðnaðarins og að auka hlutfall  
46 umhverfisvottaðra bygginga. Þá verði hugað að minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda frá  
47 landbúnaði og fiskeldi. Að stutt verði við bakið á framleiðslu á matvælum með því að fara neðar  
48 í fæðukeðjuna t.d. til að framleiða prótein úr þörungum og skeldýrum.

49 Viðreisn vill að Ísland helmingi heildarlosun ríkisins (með landnotkun) á áratugs fresti og verði  
50 þannig við ákalli vísindasamfélagsins um að halda hlýnun innan við 1,5°C. Við viljum sýna gott  
51 fordæmi til forystu og setja markmið sem endurspeglar sanngjarna hlutdeild Íslendinga af  
52 samdrætti gróðurhúsalofttegunda. Sett verði sjálfstæð loftslagsmarkmið fyrir losun sem fellur  
53 undir beina ábyrgð Íslands og fyrir losun sem fellur undir landnotkun. Með þessum markmiðum  
54 um samdrátt verði leitast við að ná 7,6% árlegum samdrætti heildarlosunar, hið minnsta.

- 55 • Losun á beinni ábyrgð Íslands: -60% árið 2030 m.v. 2005.
- 56 • Losun vegna landnotkunar: -50% árið 2030 m.v. 2020.

57 Ísland þarf að taka ábyrgð á afleiðingum loftslagsbreytinga. Þetta verði m.a. gert með því að  
58 auka rannsóknir á aðlögun og öryggi vegna þeirrar hættu sem skapast sökum loftslagsbreytinga  
59 hérlandis. Afleiðingar loftslagsbreytinga víða um heim hafa skapað hörnulegar aðstæður. Fjöldi

60 fólks er á flóttu af þeim völdum. Ísland þarf að axla ábyrgð í þeim málum og ætti því að taka á  
61 móti auknum fjölda loftslagsflóttafólks.

## 62 **Komum á skilvirku og sjálfbæru hringrásarhagkerfi**

63 Auðlindir eru takmarkaðar og það er frumskylda stjórnvalda að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra.  
64 Allur efniviður á að vera hluti af stöðugri hringrás, þar sem vörum og efni er haldið í notkun með  
65 endurnýtingu, endurvinnslu, viðgerðum og endursölu. Draga þarf markvisst úr myndun úrgangs  
66 og varpa skýrara ljósi á gildi úrgangs sem verðmæts hráefnis fyrir nýja vöru. Bann við urðun  
67 lífræns úrgangs skapar tækifæri til nýsköpunar og grænna starfa þar sem stjórnvöld styðja  
68 framleiðsluferla sem halda efni og orku í hringrásarhagkerfinu t.a.m. með bættum skilakerfum  
69 og úrvinnslugjöldum. Vandað verði til undirbúnings hátækni sorpbrennslna. Til þess að draga úr  
70 úrgangsmýndun verði stefnt að því að draga úr matarsóun um 60% árið 2030, miðað við 2021,  
71 með aukinni fræðslu og skilvirkari söfnun úrgangs. Það er hlutverk stjórnvalda að bæta  
72 eftirfylgni með endurvinnslu við innleiðingu á árangursríku flokkunarkerfi sem er samræmt yfir  
73 allt landið.

74 Leggja þarf áherslu á að flokkaður úrgangur verði að nýjum vörum og styðja við græna  
75 nýsköpun í endurvinnslu. Samhliða því þarf efnahagslega hvata sem styðja við deiliahagkerfið.  
76 Viðreisn styður einkarekstur og fjölbreytt rekstarform þegar kemur að sorpmálum. Styðja ætti við  
77 samkeppni í greininni og skoða samstarf opinberra aðila og einkaaðila þegar kemur að förgun  
78 sorps. Stefnt verði að því að vinna aðgerðaáætlun um hringrásarhagkerfið með árangursvísunum  
79 og markaðslausnum til þess að tryggja framgang þess. Stefnt verði að því að meta árangur og  
80 styðja fjárlagagerð með alþjóðlega viðurkenndum velsældarvísunum sem taka mið af öllum  
81 stólpum sjálfbærrar þróunar. Áhersla verði lögð á gagnsæja miðlun upplýsinga samhliða auknu  
82 samráði við almenning í umhverfismálum. Stórefla þarf fræðslu um hringrásarsamfélagið,  
83 úrgangsforvarnir og bættu framleiðsluhætti. Koma þarf á kerfi, með efnahagslegum hvötum og  
84 merkingum, sem hvetur til framleiðslu á endingargóðum vörum, þar sem viðgerðir verði að  
85 hagkvæmum og raunhæfum valmöguleika.

86 Með rekjanlegu kolefnisspori vöru geta neytendur tekið upplýstari ákvarðanir um val á vöru m.t.t.  
87 loftslagsáhrifa hennar. Þar með verði hægt að draga úr neysludrifinni losun.  
88 Mengunarbótareglan er grunnstefið, þ.e. að þeir sem menga axli ábyrgð og greiði gjald í  
89 samræmi við umfang og eðli losunar sem þeir valda. Styrkja þarf ábyrgð framleiðenda með því

90 að setja fleiri efnisflokka þar undir, svo að tryggja megi að greitt sé fyrir endanlegan frágang  
91 úrgangs og að þar sé miðað við hringrásarhugsunina, með skynsemi og hagsýni að leiðarljósi.

## 92 **Sjálfbær nýting auðlinda**

93 Stöðugleiki næst aðeins með samþættingu umhverfislegra, hagrænna og félagslegra þátta við  
94 allar ákvarðanir tengdar auðlindanýtingu. Hagkerfið þarf að hvíla í auknum mæli á stoðum sem  
95 rýra ekki gæði umhverfisins. Nútímalegt velsældarsamfélag þarf að vera samkeppnishæft og  
96 kolefnishlutlaust þar sem neikvæð áhrif á umhverfið og rýrnun náttúrugæða verði síður forsenda  
97 hagvaxtar. Þetta verði m.a. gert með áherslu á nýsköpunarstyrki í loftslagstengdum verkefnum  
98 og að raforkuvinnsla stuðli að grænni atvinnuuppbyggingu.

99 Viðreisn telur að vernd og nýting náttúruauðlinda geti og verði að fara saman og mun leggja  
100 áherslu á að tryggja það til framtíðar. Stefna Viðreisnar er að nýta náttúruauðlindir á sjálfbæran  
101 hátt. Nýtingin á að byggjast á heildstæðu mati á þjóðhagslegum ávinningi og afleiðingum og  
102 skerði ekki kosti komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum. Allar auðlindir lofts, lands og  
103 sjávar, óháð eignarhaldi, verði nýttar á ábyrgan hátt og skili jákvæðum áhrifum til samfélagsins.  
104 Aðgangur að sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar verði tímabundinn og upphæð gjalds fyrir  
105 nýtingu verði ákvörðuð af markaðnum þegar því verður við komið.

106 Nauðsynlegt er að öll framleiðsla og þjónusta verði kolefnishlutlaus og rýri ekki náttúrugæði til  
107 langframa. Mikilvægt er að taka ferli rammaáætlunar til gagngerrar endurskoðunar svo hún virki  
108 sem skyldi og eyða þarf óvissu um reglur og lög sem gilda um uppbyggingu vindorku. Áfram  
109 ættu orkukostir að vera flokkaðir með tilliti til áhrifa á náttúru: menningu og minjar; og samfélag  
110 og efnahag. Orkufyrirtæki skulu nýta sem best þá raforku sem framleiða má á núverandi  
111 virkjanasvæðum raforku áður en leyfi verða veitt til virkjana sem hafa umtalsverð umhverfisáhrif  
112 á nýjum svæðum.

113 Tryggja þarf orkuöryggi um allt land með uppbyggingu og styrkingu flutningskerfis raforku og  
114 koma í veg fyrir að orkuskortur hamli byggðapróun. Auka þarf gagnsæi og skilvirkni á  
115 raforkumarkaði til að skapa jafnvægi á milli eftirspurnar og framboðs og koma í veg fyrir  
116 offjárfestingu í raforkuvinnslu.

117 Vernda og efla þarf fiskistofna við Íslandsstrendur og auka eftirlit og eftirfylgni með sjálfbærum  
118 fiskveiðum þar sem brottkast er ekki stundað og skemmdir á vistkerfum hafsins lágmarkaðar.  
119 Móta þarf heildarstefnu um málefni hafsins með umhverfis- og loftslagsmál að leiðarljósi. Leggja

120 þarf áherslu á stuðning við verðmætaskapandi og umhverfisvæna nýsköpun í ræktun  
121 sjávarafurða og tryggja að fiskeldi á landi og í sjó uppfylli strangar kröfur til dýravelferðar ásamt  
122 verndar umhverfis og lífríkis. Þannig verði dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum  
123 framleiðslunnar og hámarks útflutningsverðmæti hennar tryggt.

124 Viðreisn vill að öll ríkisfyrirtæki og stofnanir hafi metnaðarfull markmið um ábyrgð og hlutverk á  
125 sviði umhverfis- og auðlindamála sem komi fram í eigendastefnu þeirra.

## 126 **Uppbygging vindorku**

127 Til þess að Ísland nái markmiðinu um full orkuskipti fyrir 2040 og verði óháð jarðefnaeldsneyti er  
128 ljóst að þörf er á nýrri sýn við orkuöflun. Viðreisn styður aukna framleiðslu endurnýjanlegrar  
129 orku, græna atvinnuuppbyggingu og framleiðslu rafeldsneytis.

130 Orkuöflun þarf að vera samfélagsverkefni og fjárhagslegur ávinningur af nýtingu orkuauðlinda á  
131 að renna til samfélagsins í ríkara mæli en tíðkast hefur. Nýting vindorku er kjörið tækifæri til  
132 þess að skilgreina og tryggja að gjaldtaka sé á þann hátt að samfélagið sjái hag í nýtingu  
133 auðlindarinnar.

134 Viðreisn styður nýtingu vindorku. Uppbygging vindorkuvera gerir ríka kröfu um aðgengi að  
135 sveigjanlegri raforkuvinnslu fyrir vindorkuframleiðendur. Helsti styrkleiki vindorkuvera er mikill  
136 sveigjanleiki í staðsetningu. Þannig geta vindorkuver nýst til að auka orkuöryggi einstakra  
137 svæða og unnið gegn hættu á að orkuskortur hamli byggðapróun.

138 Meginforsendur, að mati Viðreisnar, um uppbyggingu vindorkuvera eru eftirfarandi:

- 139 • Að sanngjarnt gjald verði greitt af vindorkuverum til sveitarfélaga
- 140 • Að þjóðinni sé tryggður eðlilegur hluti af ávinning vindorkuvera með markaðsgjaldi
- 141 • Að vindorkuver séu staðsett utan þjóðgarða og þar sem viðeigandi innviðir eru til staðar  
142 (t.d. sterkt flutningskerfi og sveigjanleg raforkuvinnsla)
- 143 • Að neikvæð áhrif á dýralíf og nærsamfélög séu takmörkuð eins vel og unnt er.

## 144 **Vernd og endurheimt vistkerfa**

145 Móta þarf heildstæða stefnu, í samráði við sérfræðinga, um sjálfbæra landnýtingu sem byggir á  
146 vernd vistkerfa- og jarðminja, tekur tillit til bættrar vatnsverndar og rýrir ekki náttúrugæði  
147 landsins.

148 Draga þarf almennt úr losun frá landi og stórau­ka bindingu í jarðvegi og gróðri. Takmarka þarf  
149 rask á vistkerfum vegna ágengra tegunda og sam­hliða því vernda og efla líffræðilega fjölbreytni  
150 með stórau­kinni endurheimt raskaðra vistkerfa. Einnig þarf að auka rannsóknir á áhrifum  
151 landgræðslu og skógræktar á líffræðilega fjölbreytni. Sérstaka áherslu ætti að leggja á að  
152 stöðva losun frá framræstu votlendi og hnignuðu mólendi, ásamt því að auka útbreiðslu  
153 náttúruskóga (s.s. birkiskóga og víðikjars). Markmið verði sett um að endurheimta yfir helming  
154 þess framræsta votlendis, sem ekki er í notkun, fyrir 2030 og að endurheimt verði hafin á að  
155 lágmarki 4000 km<sup>2</sup> raskaðra þurr­lendisvistkerfa, til viðbótar við það sem þegar hefur verið  
156 framkvæmt.

157 Endurskoða þarf styrkjakerfi landbúnaðar og auðvelda bændum framleiðslu heilnæmra og  
158 fjölbreyttra landbúnaðarafurða, í sátt við umhverfið. Að endurskoðuninni þurfa allir að koma sem  
159 á einhvern hátt tengjast landbúnaði og annarri landnýtingu. Beit á mjög viðkvæmum  
160 gróðursvæðum verði stöðvuð sem fyrst og skynsamleg takmörk sett á lausagöngu búfjár.  
161 Styrkjakerfi landbúnaðar verði umhverfismiðað fremur en framleiðslutengt, t.d. þannig að  
162 bændur geti gerst vistbændur og haft ávinning af því. Því ætti sérstaklega að styðja við rekstur  
163 sem stuðlar að bindingu kolefnis og dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landi, t.d. með  
164 skógrækt, endurheimt votlendis og hnignaðs mólendis. Kerfið styðji fjölbreytta og  
165 umhverfisvæna framleiðslu með áherslu á aukið frelsi, taki tillit til breyttra neysluvenja, stuðli að  
166 bættum hag bænda og neytanda og ýti undir nýliðun í röðum bænda.

## 167 **Náttúruvernd í öndvegi**

168 Náttúra Íslands, með sína líffræðilegu og jarðfræðilegu fjölbreytni, er ein okkar dýrmætasta  
169 auðlind. Okkur ber því skylda til að vernda villta íslenskra náttúru og fjölbreytni landslagsins fyrir  
170 komandi kynslóðir. Besta leiðin til að halda utan um vernd og nýtingu villtrar náttúru er markviss  
171 auðlindastjórnun. Því þarf að halda áfram að friðlýsa svæði í samræmi við gildandi  
172 framkvæmdaáætlun náttúru­minjaskrár og efla og stækka þjóðgarða landsins. Sérstaklega þarf  
173 að vernda miðhálandið í þágu almannahags. Tryggja þarf fjármuni til rekstrar, verndar og  
174 landvörslu friðaðra svæða þannig að ágangur rýri ekki gildi svæðanna og að kynslóðir framtíðar  
175 fái notið heillandi fegurðar og heilnæmrar útivistar. Möguleg gjaldtaka verður að vera í góðri sátt  
176 við almenning og sveitarfélög. Jafnframt verði leitast við að styrkja byggð í nágrenni þjóðgarða  
177 og skapa atvinnu og aðstæður, í náinni samvinnu við sveitarfélög, fyrir fjölbreyttar rannsóknir.  
178 Nauðsynlegt er að koma umsjón með náttúruvernd, þjóðgörðum og friðlýstum svæðum undir  
179 eina stofnun til að samþætta ákvarðanatöku, auka skilvirkni og bæta nýtingu fjármagns.

- 180 Leggja þarf áherslu á alþjóðasamstarf um náttúruvernd, t.d. með samningum á borð við
- 181 Samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika, norrænt samstarf og evrópsk samstarfsverkefni.
- 182 Sérstaklega þarf að leggja áherslu á vernd lífríkis og líffræðilegan fjölbreytileika á norðurslóðum.
- 183 Efla þarf möguleika ungs fólks á að taka þátt í stefnumótun og ákvörðunum tengdum
- 184 náttúruvernd og samþættingu verndar og sjálfbærrar auðlindanýtingar.